

BORGARPLAST

OLÍUSKILJUR

TÆKNIUPPLÝSINGAR

BORGARPLAST

Almennt um olúskiljur.....	2
Þyngdarafsskiljur.....	2
Samrunaskiljur.....	2
Framleiðsla Borgarplasts á olúskilju og fylgihlutum.....	2
Skilgreiningar á sand-og olúskiljum.....	3
Flokkur skilja I og II.....	3
Nafnstærð, NS.....	3
Sandskiljur.....	3
Vökvarými olúskilju.....	3
Olíurými olúskilju.....	3
Hámarksdýpt olíu.....	3
Pöntun á olúskiljum.....	5
NS-tala.....	5
Skilja í flokki I eða II.....	5
Tvær gerðir skilja.....	5
Hæð mannopa yfir skilju eða inntakskóta.....	5
Grunnvatn eða sjór í skiljustæði.....	5
Val á skilju með tilliti til jarðvegsdýptar.....	5
Pípuvidd, inntak/úttak.....	5
Ákvörðun stærðar.....	6
Merking og nauðsynlegar upplýsingar um olúskiljubúnaðinn samkv. ÍST EN 858.....	9
Flutningur á olúskiljubúnaði.....	9
Frágangur olúskiljubúnaðar.....	9
Vöktunarbúnaður, ísetning frágangur og viðhald.....	11
Olúskiljubúnaður - Rekstur og viðhald.....	12
Gangsetning nýrra olúskilja.....	12
Gangsetning olúskilja eftir tæmingu.....	12
Staðsetning stjórnstöðva.....	12
Úttektarskyld framkvæmd.....	12
Lög, reglugerðir, staðlar, eftirlits- og umsagnaraðilar og hönnuðir.....	13

Almennt um olúskiljur

Olúskiljur eru notaðar m.a. til að hreinsa olíu, bensín og leysiefni úr fráveituvatni og eru því skilgreindar sem mengunarvarnabúnaður. Aðskilnaður þessara efna frá vatni byggist á því að þau hafa lægri eðlisþyngd en vatn og fljóta ofan á því þ.e. þyngdarafllsskiljur.

Fráveituvatn sem í eru olíuefni eða olúsambönd og þyngri efni (t.d. sandur), þar með talið regnvatn af svæðum sem hugsanlega geta olíumengast, skal hreinsa bæði með sandskilju (sérstök sandskilja fylgir alltaf olúskilju) og olúskilju.

Staðall sá sem gildir um þennan málaflokk er ÍST EN 858. Framleiðsla Borgarplasts á olúskiljum byggir á þessum staðli og hafa farið fram fjölbreyttar prófanir á þeim, m.a. gerðarprófanir hjá Iðntæknistofnun (nú Nýsköpunarmiðstöð Íslands) og lauk þeim ferlum árið 2005 og telst Borgarplast því vera viðurkenndur framleiðandi á búnaði fyrir olíumengað fráveituvatn.

Tvennskonar skiljur eru á markaði þ.e. þyngdarafllsskiljur og samrunaskiljur. Allar skiljur framleiddar af Borgarplast eru þyngdarafllsskiljur.

Þyngdarafllsskiljur.

Þyngdarafllsskiljur eru flokkaðar í tvo flokka, fl. I og II.

Helstu kostir þeirra eru að þær eru með mikið rúmmál og öryggisrými, miðað við samrunaskiljur, og að meiri tími fæst til aðskilnaðar olíudropa í fráveituvatninu.

Einnig eru þyngdarafllsskiljur mun ódýrari í rekstri þar sem ekki þarf að endurnýja og þvo plötupakka reglulega og tæmingar eru í lámarki. Skiljurnar eru nánast viðhaldsfrjár.

Samrunaskiljur.

Samrunaskiljur eru flokkaðar í tvo flokka, fl. I og II.

Samrunaskiljur byggjast á svokölluðum plötupakka, búnaður sem notaður er til að auka dropasamruna og þar með hreinsivirkni. Skiljur þessar hafa tiltölulega lítið rúmmál og eru heppilegar þar sem lítið pláss er til staðar og/eða til að taka á móti miklu vökvamagni með litu olíuinnihaldi. Helstu ókostirnir eru lítið rúmmál og öryggisrými, því þarf tíðari tæmingar á skiljunni sé um verulegt olíumagn í fráveituvatninu að ræða, eins þarfnast plötupakkinn stöðugs eftirlits, þrifa og viðhalds.

Framleiðsla Borgarplasts á olúskilju og fylgihlutum .

Skiljur Borgarplasts eru úr Polyethylene sem er viðurkennt efni til þeirra nota samkvæmt ÍST EN 858. Borgarplast framleiðir þyngdarafllsskiljur í fl. I (5 mg/l) og II (100 mg/l) sem standast kröfur ÍST EN 858.

Stöðluð framleiðsla í flokki I og II:

- Flokkur I - frá NS= 0,5 til NS = 55
- Flokkur II - frá NS=1 til NS=105.

Auk þess framleiðir Borgarplast stakar eða áfastar sandskiljur, sorageyma og eftirlitsbrunna. Borgarplast leggur einnig til og kemur fyrir í skiljunum vöktunarbúnaði fyrir olíuhæð.

Framleiddar eru tvær tegundir skilja. Annars vegar skiljur sem er ætlað að vera utan bifreiðaumferðar og hins vegar skiljur sem standast þunga umferð, samkvæmt „Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja“ nr. 688/2005 að uppfylltum kröfum Borgarplasts um frágang við endanlegt jarðvegsyfirborð (að járnþentir og steinsteyptir brunnhringir séu notaðir undir steypujárnskarma og lok).

Skilgreiningar á sand-og olúskiljum

Flokkur skilja I og II

Gerðar eru mismunandi kröfur til þess hvað skiljur hreinsa vel eftir því hvort þær eru í flokki I eða II.

Nafnstærð, NS

Tala, án eininga sem samsvarar hámarksflæði í gegnum skiljuna. Sama skiljan getur haft eina nafnstærð í flokki I og aðra í flokki II.

Sandskiljur

Öllum olúskiljum skal fylgja sérstök sandskilja. Framan við olúskilju skal vera hólf (sambyggð olú- og sandskilja) eða sér geymir fyrir megnið af þeim efnum sem eru þyngri en vatn og eru skilin frá því.

Í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar frá 2005 um sandskiljur segir að „reynslan sýnir að 1000-2000 lítrar sé hentug lágmarksstærð sandfangs á flestum stöðum en 3000-5000 lítrar þar sem búast má við miklu magni af sandi, t.d. við bílaþvottastöðvar. Stærra sandfang skilar sér í færri tæmingum, lægri rekstrarkostnaði og betri virkni olúskiljunnar“

Samkvæmt reglugerð: „Rennur og sandgildirur í gólfi teljast ekki með við útreikninga á rúmmáli sandfangs. Þó eru slíkar rennur ákjósanleg viðbót“ o.s.frv.

Reiknireglur sandskilja o.fl. er að finna í ÍST EN 858 -2, kafla 4.

Vökvarými olúskilju

Vökvarými olúskilju er skilgreint sem rúmtak þess vatns sem að hámarki getur verið í skiljunni án þess að flæða út um úttakið.

- Sjá töflur um stakar sandskiljur
- Sjá töflur um stakar olúskiljur
- Sjá töflur um sambyggðar sand-og olúskiljur
- Sjá töflur um samsettar olúskiljur

Olúurými olúskilju


Olúurými olúskilju er rúmtak þeirrar olú sem að hámarki getur sest í skiljuna án þess að fari að flæða út um úttakið. Miðað er við að eðlisþyngd olú sé 0,85.

- Sjá töflur um stakar sandskiljur
- Sjá töflur um stakar olúskiljur
- Sjá töflur um sambyggðar sand-og olúskiljur
- Sjá töflur um samsettar olúskiljur


Hámarksdýpt olú

Hámarksdýpt olú er dýpt þeirrar olú sem að hámarki getur sest í skilju án þess að fara að flæða út um úttak. Miðað er við að eðlisþyngd olúnnar sé 0,85.


- Sjá töflur um stakar sandskiljur
- Sjá töflur um stakar olúskiljur
- Sjá töflur um sambyggðar sand-og olúskiljur
- Sjá töflur um samsettar olúskiljur



Mynd 1: Sandrými skilju



Mynd 2: Vökvarými skilju



Mynd 3: Oliurými og oliudýpt skilju

Pöntun á olúskiljum

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram á teikningum eða vinnulýsingu til að tryggja að olúskilja samkvæmt ÍST EN 858 sé rétt pöntuð:

- NS-tala skiljunnar
- Í hvaða flokki er skiljan, I eða II
- Er skiljan í eða við þungaumferð til frambúðar eða ekki
- Endanleg hæð mannopa.
- Grunnvatn eða sjór í skiljustæðinu.

NS-tala

Nafnstærð skilju, þ.e. einingarlaus tala sem samsvarar hámarksflæði í gegnum skiljuna.

Skilja í flokki I eða II

Mjög áríðandi er að fram komi hvor flokkurinn gildi. Fyrir sama NS er skilja í flokki I u.þ.b. helmingi stærri en skilja í flokki II (sjá töflur yfir stakar- og sambyggðarskiljur).

Tvær gerðir skilja

Borgarplast framleiðir tvær gerðir staðlaðra olúskilja í mismunandi þykktar- og álagsflokkum, auk sérsníði.

- Skilja sem ætluð er á botndýpi minna en 2,5 m og vel utan allrar umferðar.
- Skilja sem ætluð er á meira dýpi en 1, yfirakstur þyngstu bifreiða, einhverju vatnsálagi o.s.frv. Skiljur þessar eru merktar með „U“ fyrir aftan vörunúmer (sjá töflur yfir stakar- og sambyggðar skiljur).

Þetta atriði þarf að koma fram á teikningum eða í vinnulýsingu.

Hæð mannopa yfir skilju eða inntakskóta

Áríðandi er að vita nokkurn veginn um endanlega hæð mannopa, sérstaklega þar sem keila er notuð þar sem erfitt getur verið að lækka keilu en lítið mál að bæta ofan á hana framlengingu.

Grunnvatn eða sjór í skiljustæði

Mjög varhugavert ástand getur myndast þegar grunnvatn eða sjór nær hátt upp á skiljuna eða kaffærir hana. Við slíkar aðstæður eru eingöngu notaðar „U“ skiljur eða sérsteyptar skiljur, séu aðstæður mjög erfiðar. Hönnuður verður að kunna skil á mögulegum uppákomum í skiljustæðinu. Einnig verður að hafa það í huga að olúskilja þar sem gætir „flóðs og fjöru“ í skiljunni er gagnslaus. Ráðlegt er að hafa samband við tæknimenn Borgarplasts í slíkum tilfellum.

Val á skilju með tilliti til jarðvegsdýptar

Sé dýpt frá endanlegu jarðvegsyfirborði niður á skiljubotn meira en 2,5 m þarf skiljan að vera af „U“ gerð (með aukna þykkt, rauðbrún á litinn). Þegar dýptin niður á skiljubotn er orðin meiri en 3,5-3,8 m þarf að skoða aðstæður betur og er ráðlagt að hafa samband við tæknimenn Borgarplasts.

Pípuvidd, inntak/úttak

Þvermál á pípu skal fullnægja kröfum ÍST EN 858 og er að finna upplýsingar um slíkt í töflum yfir skiljur. Minnsta pípuvidd er \varnothing 160 mm. Athygli skal vakin á því að pípuvidd í flokki I eða II þarf ekki að vera sú sama fyrir sömu NS-tölu.

Ákvörðun stærðar

Vökvarúmmál olíuskilju ákvarðast af svokölluðum viðmiðunarstreymi, $Q_{viðm}$, sem er summan af liðum sem eru til staðar í hverju og einu tilfelli og renna í sömu skilju.

$$Q_{viðm} \text{ m}^3/\text{klst} = \Sigma Q_{fráv} + Q_{1 \text{ klst}}$$

Jafna 1:

$$\text{þar sem } Q_{\text{reg},1 \text{ klst}} \text{ m}^3/\text{klst} = \acute{u}_{1 \text{ klst}} \cdot f \cdot l \cdot 3,6$$

og $\acute{u}_{1 \text{ klst}}$ er aftakaúrkoma í l/(s x ha) í 1 klst samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands (sjá LHR2, töflu II, bls. 7), [f] er flatarmálið í ha og [l] er yfirborðsstuðull, sem er t.d. 1 fyrir varanlegt slitlag svo sem steypu, malbik eða olúmöl.

Stærð og hönnun olíuskilju miðast við að það taki fráveituvatnið a.m.k. 60 mín að renna í gegnum skiljuna og á þeim tíma skilji olía og kolvetni sig frá vatninu. Hlutfall viðmiðunarstreymis ($Q_{viðm}$) og yfirborðs-flatarmáls skilju skal vera minna en 2:1, þ.e. 2m^3 skilja skal hafa a.m.k. 1 m^2 yfirborð.

Sé $Q_{viðm}$ $8 \text{ m}^3/\text{klst}$ eða meira, skal skiljan hafa olíuyfirfall með sjálfrennsli í sorageymi.

Því getur verið hagkvæmara að nota fleiri olíuskiljur, ef slíkt hentar, í stað þess að nota sorageymi og olíuyfirfall sem er all kostnaðarsöm lausn.

Við útreikning á viðmiðunarstreyminu ($Q_{viðm}$) er lagt mat á vatnsnotkun á þeim svæðum sem vatn getur mengast af olíu eða kolvetnum, eins og þegar olíumettuð gólf eru þvegin eða smurgryfjur. Önnur dæmi eru þvottaplön (úti og inni) og sjálfvirkar þvottabrautir fyrir bílaþvott o.s.frv.

Við mat á $Q_{fráv}$ er stuðst við eftirfarandi viðmiðunargildi:

- Fyrir hvern krana á þvottaplani utanhúss $1 \text{ m}^3/\text{klst}$
- Fyrir hvern krana á þvottaplani innanhúss $2 \text{ m}^3/\text{klst}$

Vatnskrantar sem eru notaðir, t.d. við skolun á gólfi, smurgryfjum og þvottabrautum ($Q_{fráv}$):


- 1-2 vatnskrantar $2 \text{ m}^3/\text{klst}$
- 3 vatnskrantar eða fleiri $4 \text{ m}^3/\text{klst}$
- Sjálfvirk bílaþvottabraut $4 \text{ m}^3/\text{klst}$

Viðmiðunargildin miðast við DN15 krana. Séu notaðir DN20 krantar, skal reikna með tvöföldu vatnsmagni. Einnig er hægt að mæla viðmiðunarstreymið ($Q_{viðm}$) og ákvarða með þeim hætti skiljustærðina, sé uppi grunur um annað $Q_{viðm}$ en áætlað viðmiðunarstreymi samkvæmt ofansögðu. Þetta á einkum við um stærri athafnasvæði.

Lágmarksstærð olíuskilju sem tekur við olíumenguðu fráveituvatni ($Q_{fráv}$) skal vera 2m^3 og yfirborðsflatarmál a.m.k. 1 m^2 .

Afrennsli olíuskilju skal vera minnst einni pípuvidd stærra en inntakið.


Skiljur, sem eiga að vera í og við umferðaræðar, eru efnismeiri og sterkari. Þær eru auðkenndar með U fyrir aftan vörunúmerið, t.d. 44318U eða 44353U.



Mynd 5: Helstu málsetningar staðlaðrar stakrar sandskilju

Þvermál (mm)	A (mm)	B (mm)	C (mm)	D (mm)	E (mm)
1000	1060	950	930	110	160
1200	1280	1100	1080	110/160	160/200
1400	1520	1300	1280	110/160	160/200


Tafla 1: Helstu mál staðlaðrar stakrar sandskilju




Mynd 4: Helstu málsetningar staðlaðrar sambyggðar olíu- og sandskilju

Þvermál (mm)	A (mm)	B (mm)	C (mm)	D (mm)	E (mm)
1200	1280	1100	1030	110/160	160/200
1400	1520	1300	1230	110/160	160/200


Tafla 2: Helstu mál staðlaðrar sambyggðar olíu- og sandskilju



Mynd 6: Sambyggð sand og olíuskilja auk sýnatökubrunns



Mynd 7: Tvískipt sand- og olíuskilja auk sýnatökubrunns



Mynd 8: Þrískipt sand- og olíuskilja auk olíusorageymis, sýnatökubrunns og tengibrunns

Merking og nauðsynlegar upplýsingar um olúskiljubúnaðinn samkv. ÍST EN 858

Samkvæmt gildandi staðli ÍST EN 858 skal merkiplata úr áli eða ryðfríu stáli vera í mannopi skilju á aðgengilegum, yfir olíuhluta skiljunnar. Á merkiplötu eru ýmsar upplýsingar um skiljuna, svo sem nafn framleiðanda, framleiðsluár, efnið í skiljunni, vökva- og olíurúmmál, hámarks olíudýpt o.fl.

Stærð merkiplötu er 78 x 100 mm.

100 mm	
78 mm	FRAMLEIÐANDI: BORGARPLAST hf.
	FRAMLEIÐSLUÁR:
	RAÐNÚMER:
	SKILJUGERÐ I eða II:
	NAFNSTÆRÐ (NS-fl.):
	VÖKVARÚMMÁL Í LÍTRUM:
	OLÍURÚMMÁL Í LÍTRUM:
	HÁMARKS OLÍUDÝPT Í mm:
	SANDRÝMI Í LÍTRUM:
	FRAMLEIÐSLUSTAÐALL: IST EN 858
	HRÁEFNI Í GEYMI: MD POLYETHYLENE
FYLGA SKAL LÖGUM, GILDANDI REGLUGERÐUM OG LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA VIÐ NIÐURSETNINGU OG NOTKUN SKILJUNNAR	

Mynd 9: Merkiplata olúskilju

Flutningur á olúskiljubúnaði

Þegar olúskiljubúnaður er lestaður eða affermdur af flutningstæki skal notaður gaffallyftari eða búnaðurinn hífður í stroffum.

Sé lengd einstakra hluta búnaðarins yfir 5 m langir skal hann hífður í tveimur stroffum. Sé hluturinn yfir 10 m skal nota tvær stroffusamstæður (fjórar stroffur).

Ávallt skal festa búnaðinn við flutningstækið með öruggum hætti.

Frágangur olúskiljubúnaðar

Borgarplast óskar eftir að eftirfarandi háttur verði hafður á við frágang olúskiljubúnaðar í jörð (sjá myndir 4 og 5):


Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg undan olúskiljubúnaði og grafa niður á „fast“ jarðlag.

Sé það dýpra, skal fylla upp undir hana með ólífrænum jarðvegi, t.d. hrauni eða grús sem vélþjappast í mest 30 sm þykkum lögum.


Síðustu 10 sm undir olúskiljubúnaði skal vera sandur. Sandur skal umlykja olúskilju, sandfang, sorageymi og sýnatökubrunn. Allur sandur skal þjappast í 30 – 40 sm lögum með 100 kg víbrasleða. Bleytt skal vel í sandinum áður en þjöppun hefst.

Um leið og fyllt er að olúskiljubúnaðinn skal hann fylltur af vatni, m.a. til að tryggja eðlilega virkni strax.

Sé einhver hættu á að grunnvatn eða sjór nái upp á skiljuna eða umlyki hana, skal leita ráða hjá tæknimönnum Borgarplasts.



Mynd 10: Frágangur utan umferðar, olíu- og sandskilja og sorageyma




Mynd 11Frágangur í og við umferðaræðar olíu- og sandskilja og sorageymar

Vöktunarbúnaður, ísetning frágangur og viðhald.

Gildandi staðall lætur stjórnvöldum hvers ríkis um að ákveða hvort þau krefjist vöktunarbúnaðar. Umhverfisstofnun krefst í leiðbeiningum sínum vöktunarbúnaðar sem varar við áður en olíumagn nær 90% olúrýmis eða 25% heildarvökvármis skilju.

Borgarplast leggur til og kemur fyrir í skiljunni viðurkenndum vöktunarbúnaði. Vöktunarbúnaðurinn samanstendur af skynjara og tengikassa sem komið er fyrir í skiljunni ásamt stjórnstöð sem venjulega er komið fyrir í nærliggjandi húsi. Stjórnstöðin gefur frá sér hljóðmerki þegar þörf er á að dælt sé úr skiljunni.

Teikningarnar að neðan sýna frágang skynjara og hæð hans frá botni skilju við mismunandi þvermál.



Mynd 12: Staðsetning skynjara í olíuskiljum

Þvermál skilju (mm)	Þvermál inntaks- og frárennslisstúta (mm)	Lágmarkshæð skynjara frá bylgjutoppi í botn skilju (mm)
1000	160	380
1200	160	550
1200	200	520
1400	160	690
1400	200	660
1400	250	630
1400	315	570
1400	400	510

Tafla 3: Mál staðsetningar skynjara í olíuskiljum

Olíuskiljubúnaður - Rekstur og viðhald

Olíuskiljubúnaður Borgarplasts er ætlaður til að vera niðurgrafinn. Munur er á olíuskiljubúnaði utan bifreiðaumferðar (grænar) og innan þungaumferðar (rauðabrúnar). Við tæmingu skal dælubílum haldið í a.m.k. fjöggra metra fjarlægð frá mannopum skiljubúnaðar, til öryggis. Reglulegt eftirlit með skilju- og vöktunar -búnaði skal framkvæmt hálfárslega, þannig að tryggt sé að búnaður virki eins og til er ætlast. Olíuskiljubúnaður skal tæmdur á 12-18 mánaða fresti svo fremi vöktunarbúnaður gefi ekki merki um að tíðari tæmingar sé þörf. Sandskiljur skulu tæmdar á sama tíma og olíuskiljur. Opinbert eftirlit er með olíu- og sandskiljum og annast heilbrigðisfulltrúar það eftirlit.

Samkvæmt leiðbeiningum umhverfisstofnunar skulu allar olíuskiljur vera búnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði sem gefur frá sér hljóðmerki og sýnilega viðvörun. Olíuskiljur frá Borgarplast eru afgreiddar með vöktunarbúnaði sem komið er fyrir í skiljum fyrirtækisins um leið og þær eru framleiddar samkvæmt ÍST EN 60079-10:2003. Vöktunarbúnaður er af gerðinni Labkotec Oilset-1000. Til að kanna hæð olíusorans, á einfaldan hátt, má nota spýtu sem borið er á svokallað „vatnskrem“ og rekið niður í botn skiljunnar og haldið þar nokkra stund. Litabreyting verður þar sem kremið og vatnið komast í snertingu og af því má sjá þykkt vatnsfasans og í framhaldinu þykkt olúfasans. „Vatnskrem“ er m.a. hægt að fá hjá Olíudreifingu. Þessa aðferð má einnig nota þegar ákvörðun er tekin um það magn olíu sem dæla á úr viðkomandi skilju.

Öll vinna við uppsetningu og tengingu skal unnin af fagmönnum með til þess bær réttindi.

Gangsetning nýrra olíuskilja

Áríðandi er að fylla skiljuna af vatni þannig að hún get strax unnið eðlilega. Gætt skal að vöktunarbúnaðurinn virki með því að dýfa skynjaranum í olíu. Við snertingu skynjara við olíu skal gaumljós loga á stjórnstöð.

Gangsetning olíuskilja eftir tæmingu.

Eftir tæmingu skal fylla skiljuna af vatni. Sé skiljan skilinn eftir tóm mun það taka nokkurn tíma til að skiljan fyllist. Um leið berst bæði vatn og olía í skiljuna og kemur þá olía fyrst að skynjara á vöktunarbúnaði og getur haft truflun á virkni skynjarans. Olían á að koma ofan frá og niður að skynjara þar sem olían er eðlisléttari en vatnið í skiljunni. **Við tæmingu skilju skal skynjari alltaf sápuþveginn, þar sem húð getur myndast á skynjara og gert hann óvirkan. Virkni skynjara er prófuð með því að dýfa honum í olíu, að loknum sápuþvotti.** Við snertingu skynjara við olíu skal gaumljós loga á stjórnstöð.

Staðsetning stjórnstöðva.

Á stjórnstöð er rautt gaumljós sem gefur til kynna að þörf sé að tæma olíuskiljuna. Gæta skal þess að stjórnstöð sé komið fyrir þar sem mannaferðir eru tíðar. Ef hússtjórnarkerfi er til staðar er mælt með að stjórnstöð sé tengd hússtjórnarkerfi.

Úttektarskyld framkvæmd.

Frágangur olíuskiljubúnaðar er úttektarskyldur og skal byggingarfulltrúi annast úttekt nýframkvæmda. Einnig þarf lagnahönnuður að koma að málinu.

Lög, reglugerðir, staðlar, eftirlits- og umsagnaraðilar og hönnuðir.

Mikill mökkur laga og reglugerða fjallar um olúskiljur.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 þarf að tryggja að olía berist ekki út í umhverfið. Helstu reglugerðir sem því tengjast eru „Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi“, nr. 35/2017, „Reglugerð um hollustuhætti“, nr. 941/2002, „Reglugerð um fráveitur og skólp“, nr. 798/1999 og „Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.“ nr.550/2018.

Einnig gilda „Byggingarreglugerð“ nr. 112/2012, „Reglugerð um brunavarnir“, ásamt fleiri reglugerðum. Einnig skal bent á rit Umhverfisstofnunnar „Leiðbeiningar um olúskiljur“, 3ja útgáfa frá 2005, þar sem kemur fram túlkun íslenskra umhverfisyfirvalda á EN 858 og nokkur sérákvæði tengd íslenskum staðháttum.

Staðlar um öryggisbúnað viðvörunarbúnaðar þar sem skynjari er í olúrymi fellur undir ÍST EN 13463-3 2005, sé rafbúnaður settur upp utan olúskilju. Sé hann inn í olúskilju fellur hann undir ÍST EN 60079-10 2015. Öll lagnavinna fellur undir ÍST 68:2013.

Eftirlits- og umsagnaraðili er heilbrigðisfulltrúi í hverju umdæmi. Einnig kemur byggingarfulltrúi við sögu, fyrir atbeina heilbrigðisfulltrúa, varðandi samþykkt teikninga og framkvæmd úttekta, þá væntanlega í umboði heilbrigðisfulltrúa. Hönnuðir á stærð, staðsetningu svo og hönnunarvinnu olúskiljubúnaðar eru verk- og tæknifræðingar. Frágangur olúskilja í jörð skal unnin í samræmi við leiðbeiningar Borgarplasts.